

# REGLUGERÐ

## um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

### 1. gr.

#### *Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda.*

Endurskoðanda sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa á grundvelli laga nr. 94/20019, um endurskoðendur og endurskoðun, er skylt að hafa í gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem starfa á hans ábyrgð. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn löggildingu sína.

Starfsábyrgðartrygging skal tekin hjá váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi.

Váttryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

### 2. gr.

#### *Váttryggingarfjárhæðir.*

Endurskoðendaráð setur reglur um lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar.

### 3. gr.

#### *Brottfall váttryggingar.*

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og endurskoðendaráði þegar í stað. Gildistíma váttryggingarinnar lýkur ekki fyrir en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingatakanum og endurskoðendaráði með sannanlegum hætti um váttryggingaslit, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

### 4. gr.

#### *Sameiginleg ábyrgð.*

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman hjá endurskoðunarfyrirtæki og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt váttryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega váttryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í váttryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu.hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

### 5. gr.

#### *Eigin áhætta.*

Heimilt er að áskilja eigin áhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags.

Endurskoðendaráð setur reglur um hámark eigin áhættu váttryggingartaka.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingaskilmálum. Um hana og tilgreiningu hennar fer að öðru leyti samkvæmt þeim reglum sem gilda um váttryggingarsamninga.

6. gr.

*Endurkröfuréttur.*

Váttryggingafélagi sem greitt hefur bætur er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

7. gr.

*Tilkynningaskylda váttryggingafélags.*

Verði bótaskyld tjón, sem fellur undir ábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber váttryggingafélagi að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til endurskoðendaráðs.

8. gr.

*Innlögn réttinda.*

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um ábyrgðartryggingu er honum skylt að leggja inn réttindi sín.

9. gr.

*Kynning váttryggingaskilmála.*

Allir váttryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu kynntir fyrir endurskoðendaráði áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

10. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 94/20019, um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast gildi x. xxx 2020. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 673/1997.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Váttrygging sem endurskoðandi hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu til 1. september 2020. Frá þeim degi skulu skilmálar váttrygginga endurskoðenda vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skulu endurskoðendur afhenda endurskoðendaráði staðfestingu á því eigi síðar en 1. október 2020.